



Samson eignarhaldsfélag ehf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2008

Samson er eignarhaldsfélag og er tilgangur þess almenn fjárfestingastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er eigandi eins dótturfélags Ópera fjárfestingar ehf. og samanstendur því samstæðureikningur Samson eignarhaldsfélags ehf. af reikningsskilum móðurfélagsins og Óperu fjárfestingar ehf. Fjárfestingafélagið Ópera fjárfestingar ehf. er eigandi að um 25% eignarhluta í Fjárfestingarfélaginu Gretti hf.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla um árshlutareikninga.

Á fyrri árs helmingi 2008 var færður söluhagnaður vegna fasteignafélagsins Samson Properties ehf. samtals 5.990 m.kr. en á árinu var stofnað nýtt fasteignafélag, Novator Properties sem keypti allar eignir Samson Properties og yfirtók skuldir þess. Jafnhliða því fór Novator Properties í hlutafjárútböð þar sem nýjum hluthöfum var boðið að taka þátt. Hluti af söluverði Samson Properties ehf var greitt með 36% hlut í Novator Properties og er sú eign færð meðal eigna til sölu.

Eignarhluti móðurfélagsins í Landsbanka Íslands hf. var 4.685 m.kr. að nafnverði í lok tímabilsins og nam hann 41,85% af heildarhlutafé bankans. Markaðsverð eignarhlutans nam 107.980 m.kr. í lok júní en bókfært virði hans er 91.057 m.kr. en beitt er hlutdeildaraðferð við bókun eignarhlutans. Gengi hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. lækkaði um 35% á fyrri hluta ársins 2008.

Hagnaður félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008 nam 35.764 m.kr. samanborið við 3.165 m.kr. tap á sama tímabili á árinu 2007. Hlutdeildartekjur eignarhluta félagsins í Landsbanka Íslands hf. nema 12.531 m.kr. Markaðsvirði eignarhlutans dróst hins vegar saman um 35% eða 53.866 m.kr. á tímabilinu. Félagið færir afleiðusamninga á markaðsvirði og því kemur fram tekjufærsla að fjárhæð 19.483 m.kr. sem að stórum hluta er vegna veikingar íslensku krónunnar á tímabilinu. Sem alþjóðlegt fjárfestingafélag beitir félagið gengisvörnum til að styðja við eign félagsins í Landsbanka Íslands hf. og draga úr gengisáhrifum á eignir félagsins í evrum talið. Þar sem félagið beitir hlutdeildaraðferð á eign sína í bankanum er lækkan á markaðsverði eignarinnar ekki færð á móti þessum hagnaði.

Á tímabilinu er skattskuldbinding félagsins að upphæð 3.844 m.kr. innleyst á grundvelli nýrra laga um skattfrelsi söluhagnaðar hlutabréfa.

Fjármögnun félagsins hefur gengið eftir atvikum vel það sem af er árs og handbært fé nemur í lok júní 16.663 m.kr. Mestur þungi í endurfjármögnun skammtímaskulda er á öðrum ársfjórðungi 2009.

Bókfært eigið fé í lok júní 2008 nam 54.174 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og hækkaði það um 180,4% frá árslokum 2007. Ef eignarhlutur félagsins í Landsbanka Íslands hf. væri færður til eignar á markaðsverði væri eigið fé félagsins 71.098 m.kr. og eiginfjárhlutfall þá 44,59%. Í árslok 2007 var eigið fé félagsins skv. sömu aðferð 102.745 m.kr. og hefur því lækkað um 31% á árinu.

Helstu stærðir úr árshlutareikningi félagsins eru eftirfarandi (fjárhæðir eru í milljónum króna):

ISK ´000.000

Rekstrarreikningur

	1/1-30/6 2008	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006	1/1-30/6 2005	1/1-30/6 2004
Hreinar rekstrartekjur	32.383	(3.823)	14.630	4.477	2.303
Rekstrargjöld	(463)	(68)	(63)	(43)	(18)
Hagnaður fyrir skatta	31.920	(3.891)	14.567	4.435	2.285
Tekjuskattur	3.844	1.095	(2.383)	(668)	(351)
Hagnaður (tap) af áframhaldandi starfsemi	35.764	(2.796)	12.184	3.767	1.933
Áhrif aflagðar starfsemi	0	(368)	0	0	0
Hagnaður (tap) tímabilsins	35.764	(3.165)	12.184	3.767	1.933

Efnahagsreikningur

	30/6 2008	31/12 2007	31/12 2006	31/12 2005	31/12 2004
Heildareignir	142.520	104.979	84.154	51.907	22.890
Skuldir og skuldbindingar	88.346	85.660	57.066	37.615	11.554
Eigið fé	54.174	19.319	27.088	14.292	11.336

Sjóðstreymi

	1/1-30/6 2008	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006	1/1-30/6 2005	1/1-30/6 2004
Handbært fé til rekstrar	6.416	(7.705)	1.342	(566)	(236)
Fjárfestingahreyfingar	7.964	(3.045)	(4.088)	(4.500)	(1.492)
Fjármögnunahreyfingar	(5.215)	11.695	7.956	5.940	1.853
Handbært fé í lok tímabils	16.663	7.619	7.014	1.745	198

Kennitölur

	30/6 2008	31/12 2007	31/12 2006	31/12 2005	31/12 2004
Eiginfjárlutfall skv. ársreikningi	38,01%	18,40%	32,19%	27,53%	49,52%
Arðsemi eiginfjár	370,00%	0,00%	98,90%	156,20%	82,50%
Eiginfjárlutfall - eignarhluti í LÍ á markaðsvirði	44,59%	54,53%	49,00%	58,00%	66,00%
Breyting á markaðsvirði Landsbanka Íslands hf.	-35,07%	33,96%	4,70%	109,10%	108,60%
Gengi hlutfjár í Landsbanka Íslands hf.	23,05	35,5	26,5	25,3	12,1